

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 575,00 (1 960,00)

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 575,00 (1 960,00)
á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Málstraumur:

63 A einfasa	kr.	50 000,00	(66 856)
63 A þrífasa	kr.	59 700,00	(74 326)
100 A þrífasa	kr.	91 300,00	(113 668)
200 A þrífasa	kr.	219 700,00	(273 526)
315 A þrífasa	kr.	347 600,00	(432 762)
400 A þrífasa	kr.	477 700,00	(594 736)
710 A þrífasa	kr.	854 200,00	(1 063 230)
1200 A þrífasa	kr.	1 433 000,00	(1 784 085)

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárlíðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 476, 9. október 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 11. febrúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflatir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnsheimils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling heimils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun á heita vatninu eru sem hér segir:

a) Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir hvern sek.l.	kr. 1 151,00
á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús	kr. 738,00
á mánuði.	
b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús	kr. 85,00
á mánuði og	kr. 408,00
á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mín.l.	
c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir:	
Fyrir hvern rúmmetra á mánuði	kr. 3,50
d. Þar sem vatn er selt gegnum rúmmetramæli:	
Orkugjald fyrir hvern m ³	kr. 28,00
Fastagjald á mánuði	kr. 418,00
Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.	

4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. verða krafín til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

5. gr.

Heimædagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	kr. 56 023,00
Hús 300 m ³ til 2000 m ³ að utanmáli	kr. 56 023,00
og fyrir hvern rúmmetra þar yfir	kr. 36,00
Stofngjald fyrir aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er	kr. 9 843,00
Heimædagjöld fyrir gróðurhús skulu vera þannig:	
Gróðurhús allt að 200 m ²	kr. 56 023,00
Gróðurhús stærra en 200 m ²	kr. 56 023,00
fyrir 200 m ² og	kr. 85,00
fyrir hvern fermetra umfram 200 m ² .	

6. gr.

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, . . . kr. 809,00

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

11. gr.

Peir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58/29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 625, 27. desember 1989.

Löndarráðuneytið, 8. febrúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um flugrekstur nr. 381/1989
sbr. nr. 580/1989 og 279/1990.**

1. gr.

Grein 2.2 orðist svo:

2.2 Umsóknir og leyfisveitingar.

2.2.1 Samgönguráðuneytið veitir leyfi til atvinnuflugs. Nefnist það flugrekstrarleyfi. Flugmálastjórn/loftferðaefirlit gefur út viðbæti við flugrekstrarleyfið. Telst viðbæturinn hluti flugrekstrarleyfisins og flugreksturinn nánar skilgreindur í honum og þeirra loftfara getið sem nota má við starfsemina.

2.2.2 Peir, sem hyggjast sækja um leyfi til flugrekstrar, endurnýjunar eða breytingar á eldra leyfi, skulu senda flugmálastjórn umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum. Fram skulu koma allar þær upplýsingar sem um er beðið á umsóknareyðublaðinu. Sérstaklega skal veita nákvæmar upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- a) Nafn umsækjanda eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu og síma,
- b) Þjóðerni umsækjanda, viðskiptabanka og/eða fjármögnunaraðilja. Ef um félag er að ræða, félagsform og innlent eignarhlutfall, hlutafé og þar af innborgað hlutafé, og hver sé stjórnarformaður. Einnig komi fram hvort umsækjandi hefur annan atvinnu- eða fjármagnsrekstur með höndum,
- c) skipulag og stjórn fyrirhugaðrar flugstarfsemi þar sem fram koma nöfn framkvæmdastjóra flugdeildar, flugrekstrarstjóra og tæknistjóra,